

Nd.

355. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til útvarpslaga.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt, og hefur því gefizt gott tóm til að ihuga það. Nefndin fékk álitgerð frá útvarpsráði og útvarpsstjóra, og töldu báðir þessir aðilar frv. mikla bót á gildandi lögum. Sendu þeir brtt., sem nefndin hefur að mestu tekið til greina. Þá hafa ýmsir aðilar komið sjónarmiðum á framfæri við nefndina, og leitað hefur verið til margra einstaklinga og stofnana um upplýsingar.

Nefndin flytur á sérstöku þingskjali allmargar brtt. við frv. Margar þeirra eru um orðalagsbreytingar, betra málfar eða smávægileg atriði. Nokkrar eru þó um veigamikil efnisatriði, svo sem skipan útvarpsráðs, framkvæmdasjóð, undanþágu aldraðra og öryrkja frá afnotagjöldum, veðrétt í sjónvarpstækjum, skráningar-skyldu tækja og fleira. Verður gerð grein fyrir brtt. í framsögu.

Menntamálanefnd leggur til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún gerir tillögur um. Þó hafa einstakir nefndarmenn fyrirvara um nokkur atriði (SE, EystJ og BG um 3. till., en SE og EystJ um atriði í III. kafla) og allir um frekari brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. febr. 1971.

Benedikt Gröndal,
form., frsm.

Þorsteinn Gíslason.

Bjartmar Guðmundsson,
fundaskr.

Eysteinn Jónsson,
með fyrirvara.

Magnús Kjartansson.

Gunnar Gíslason.

Sigurvin Einarsson,
með fyrirvara.